

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Kristínar Einarsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu. (91. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að tekið verður saman yfirlit yfir þær virkjanir sem ráðgert er að framleiði orku vegna fyrirhugaðra álvera.

Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir að tekið verði saman yfirlit yfir þær virkjanir sem ætlað er að framleiða orku fyrir 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, 360 þúsund tonna álverksmiðju á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík.

Sérfræðingar á sviði orkumála hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort til staðar sé næg virkjanleg orka til að fullnægja orkuþörf ofangreindra framkvæmda. Einnig hefur verið deilt um hvort fara eigi út í slíka stóriðju með meðfylgjandi orkuþörf og þá ganga á orkubúskap framtíðarinnar.

Viðskiptaráð fylgir þeim sjónarmiðum að allir góðir kostir í hverri stöðu skuli skoðaðir en ekki skuli einblína á einn kosts umfram. Þrátt fyrir það má ekki koma í veg fyrir framkvæmdir á pólitískum forsendum og uppbyggingu án þess að allar hliðar málsins séu skoðaðar og allir kostir metnir.

Í sjálfu sér mælir ekkert sérstaklega á móti því að samantekt sem þessi sé gerð verður hins vegar að varpa þeirri spurningu fram hvort þessar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir hjá Orkustofnun, enda hluti af hlutverki þeirra að afla og halda utan um slíkar upplýsingar. Iðnaðarnefnd ætti að geta kallað eftir upplýsingum frá Orkustofnun beint sé þessara upplýsinga þörf við umfjöllun mála fyrir nefndinni og ættu slíkar upplýsingar að vera skoðaðar þar út frá málefnalegum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands